

**Nd. 467. Frumvarp til laga [218. mál]**

um breyting á mörkum Gullbringusýslu og Kjósarsýslu og skipan lögsagnarumdæma.

(Lagt fyrir Alþingi á 93. löggjafarþingi, 1972—1973.)

**1. gr.**

Í lögsagnarumdæmi Gullbringusýslu eru þessir hreppar: Grindavíkurhreppur, Hafnahreppur, Miðneshreppur, Gerðahreppur, Njarðvíkurhreppur og Vatnsleysustrandarhreppur.

Í lögsagnarumdæmi Kjósarsýslu eru þessir hreppar: Garðahreppur, Bessastaðahreppur, Seltjarnarneshreppur, Mosfellshreppur, Kjalarneshreppur og Kjósarhreppur.

**2. gr.**

Bæjarfógetinn í Hafnarfirði er jafnframt sýslumaður í Kjósarsýslu. Bæjarfógetinn í Keflavík er jafnframt sýslumaður í Gullbringusýslu.

**3. gr.**

Lög þessi taka gildi 1. janúar 1974. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 22 3. október 1903, um að skipta Kjósar- og Gullbringusýslu í tvö sýslufélög og síðasta málsgr. 1. greinar laga nr. 46 1971, um lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðarkaupstaðar.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 24. febrúar 1972 var samþykkt á Alþingi svo hljóðandi þingsályktun um skipan dóms- og lögreglumála á Suðurnesjum: „Alþingi ályktar að skora á ríkis-

stjórnina að láta leggja fyrir Alþingi frumvarp til laga um skipan dóms- og lögreglumála á Suðurnesjum á þann veg, að á svæðinu sunnan Hafnarfjarðarkaupstaðar heyri þessi mál til einu embætti í Keflavík.“ Dómsmálaráðuneytið og félagsmálaráðuneytið höfðu síðan samráð um meðferð þessa málefnis. Er það samdóma álit ráðuneytanna, að breytingu þeirri á meðferð dóms- og lögreglumála á Suðurnesjum, sem ráðgerð er í þingsályktuninni, verði ekki komið fram með hagkvæmum hætti fyrir stjórnvaldsmeðferð og viðskipti almennings við almannavaldið, ef ekki yrði samfara henni breyting á umdæmaskipuninni, þannig að meðferð allra málefna á svæðinu, sem heyrir til verksviðs sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu, yrði samtímis flutt til embættis bæjarfógetans í Keflavík, sem þá jafnframt yrði sýslumaður Gullbringusýslu. Einnig eru ráðuneytin sammála um, að sú skipting yrði ekki gerð með eðlilegum hætti nema Garðahreppur og Bessastaðahreppur yrðu jafnframt sameinaðir Kjósarsýslu og heyrðu þannig áfram til umdæmi bæjarfógetans í Hafnarfirði sem sýslumanns Kjósarsýslu. Um þetta efni er einnig vísað til álits sýslufundar Gullbringusýslu, sem haldinn var 28. júlí 1972 og fylgir greinargerð þessari sem fylgiskjal.

Ekki náðist að leggja málið fyrir sýslunefnd Kjósarsýslu, er haldinn var nokkru fyrr, en umsagnar var leitað hjá öllum sveitarstjórnnum í báðum sýslunum og voru undirtektir allra sveitarstjórna jákvæðar, með þeirri undantekningu, að hreppsnefnd Bessastaðahrepps lýsti sig andvíga breytingu á sýslumörkum Gullbringu- og Kjósarsýslu og hreppsnefnd Seltjarnarneshrepps tók ekki afstöðu til málsins.

Dómsmálaráðuneytið og félagsmálaráðuneytið eru, í samræmi við það sem að framan er rakið, sammála um það, að tilgangi fyrrnefndrar þingsályktunar verði bezt náð, efnislega, á þann hátt sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir.

Um 1. gr.

Ákvæði þessa frumvarps koma í stað ákvæða laga nr. 22 3. okt. 1903, er ákveðin var skipting Kjósar- og Gullbringusýslu í tvö sýslufélög, og er sú breyting gerð, að Garðahreppur og Bessastaðahreppur eru fluttir úr Gullbringusýslu í Kjósarsýslu.

Um 2. gr.

Hér er mörkuð sú breyting, að bæjarfógetinn í Keflavík verði jafnframt sýslumaður í Gullbringusýslu, með þeim breyttu mörkum, sem ákveðin eru í 1. gr.

Um 3. gr.

Jafnframt því að lögin nr. 22 1903 eru afnumin er gildistaka þessa lagafrumvarps miðuð við 1. jan. 1974. Rúman tíma þarf til þeirra ráðstafana sem gera þarf til undirbúnings á flutningi málefna, er varða umdæmi Gullbringusýslu til embættisins í Keflavík. Má ekki ætla skemmri tíma til þess en hálf t. á.

#### Fylgiskjal.

Endurrit úr fundargerð sýslunefndar Gullbringusýslu  
28. júlí 1972.

#### XIV

#### Erindi Félagsmálaráðuneytisins

um möguleika á breyttum sýslumörkum Gullbringu- og Kjósarsýslu.

Oddviti lagði fram og las upp bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytis dags. 19. júlí s. l., sem Félagsmálaráðuneytið hafði sent til umsagnar. Er þar fjallað um hugsanlega breytingu á sýslumörkum Gullbringu- og Kjósarsýslu á grundvelli þingsályktunartil-  
lögu frá síðasta Alþingi, þar sem lagt er til að dóms- og lögreglumál á svæðinu sunnan Hafnarfjarðar heyri til einu embætti í Keflavík.

Samþykkt var með samhljóða atkvæðum að svara erindi þessu á eftirfarandi hátt:

Í tilefni af bréfi félagsmálaráðuneytisins dags. 24. júlí 1972, sem fylgdi ljósrít af bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins dags. 19. sama mánaðar, þar sem óskað er

umsagnar sýslunefndanna í Gullbringu- og Kjósarsýslu m. a. um möguleika á breyttum sýslumörkum Gullbringu- og Kjósarsýslu, gerir aðalfundur sýslunefndar Gullbringusýslu, haldinn í Hafnarfirði 28. júlí 1972, eftirfarandi ályktun:

„Sýslunefnd Gullbringusýslu sér fyrir sitt leyti ekkert athugavert við, að vegna staðháttu og ýmissa aðstæðna sem fyrir hendi eru landfræðilega séð, verði athugað gaumgæfilega, hvort rétt sé, að þeir hreppar Gullbringusýslu, sem liggja sunnan og vestan Hafnarfjarðar, þ. e. Vatnsleysustrandarhreppur, Njarðvíkurhreppur, Gerðahreppur, Miðneshreppur, Hafnahreppur og Grindavíkurhreppur myndi sérstakt sýslufélag og verði embætti sýslumanns í þeirri sýslu sameiginlegt embætti bæjarfógetans í Keflavík.

Nyrztu og austustu hreppar núverandi Gullbringusýslu, þ. e. Garðahreppur og Bessastaðahreppur, sameinist, ef slík breyting yrði gerð, Kjósarsýslu og verði bæjarfógetinn í Hafnarfirði einnig sýslumaður í Kjósarsýslu eins og verið hefir.

Sýslunefnd vill þó taka fram og leggur á það áherzlu, að hún telur slíka breytingu, sem hér er rætt um, ekki koma til mála, nema fullkannað sé, að vilji allra þeirra sveitarfélaga, sem hér eiga hlut að máli, þar á meðal Garðahrepps og Bessastaðahrepps, sé fyrir hendi til að koma á slíkri breytingu, og einnig telur sýslunefnd hugsanlega skiptingu þeirra málaflokka, sem nú heyra undir embætti sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu t. d. meðferð dóms- og lögreglumála við eitt embætti en meðferð annarra málaflokka við annað embætti, vera óeðlilega og raunar óframkvæmanlega.“